

Konurnar að verða sýnilegri

Alda Áskelsdóttir



Hallgerður Jóna Elvarsdóttir er sölustjóri hjá Wise hugbúnaðarhúsi. Hún hefur um langt árabil lifað og hræst í heimi sjávarútvegsgeirans og kann afskaplega vel við sig þar. Hún segist verða áþreifanlega vör við það í starfi sínu að karlarnir taki ákvarðanirnar enda séu þeir í miklum meirihluta í efstu lögum fyrirtækjanna. Konum fjölgi hins vegar eftir því sem neðar dregur.

Hallgerður hefur starfað við sjávarútvegsgeirann í 15 ár. Hún segist ekki hafa stefnt þangað meðvitað. Heldur hafi vinna tengd sjávarútvegi legið fyrir henni. Hún hóf störf hjá Samskipum, í þjónustu- og útflutningsdeildinni og þar vaknaði áhuginn til að starfa innan greinarinnar vaknað.

Eins og svo margar konur sem starfa við sjávarútveginn er Hallgerður Jóna Elvarsdóttir, sölustjóri sjávarútvegslausna hjá Wise, fædd og uppalin í sjávarþorpi. "Fyrstu ár ævi minnar bjó ég í Leirvík í Færeyjum. Það er lítið sjávarþorp þar sem allt snérist um öfluga rækjuvinnslu," segir Hallgerður og bætir við: "Ég er hálf færeysk, mamma mín er frá Færeyjum. Ég hef haldið tryggð við Færeyjar enda býr amma mín þar, ásamt fleiri ættingjum mínum. Afi heitinn

var vélstjóri á færeyskum togara, Hviltenni sem í dag er í eigu Brims hf og heitir nú Guðmundur í Nesi. Mér fannst gaman að koma um borð til hans alveg frá því að ég man eftir mér." Þegar fjölskyldan tók sig upp og flutti til Íslands lá leiðin í annað sjávarþorp. "Við settumst að á Suðureyri við Súgandafjörð. Pabbi er þaðan þannig að það má segja að ég hafi flust úr heimabyggð mömmu í heimabyggð pabba. Ég bjó svo á Suðureyri þangað til ég fór í framhaldsskóla." Eins og á við um flest börn sem alast upp í sjávarþorpum er Hallgerður tengd hafinu órjúfanlegum böndum. "Sjórinn var auðvitað bara hluti af daglegu lífi okkar sem þjuggum á Suðureyri, hvort sem það

voru fullorðnir eða börn. Hinir fullorðnu höfðu flestir atvinnu af sjávarútvegi eða einhverju sem tengdist honum en hjá okkur krökkunum skipaði sjórinn stórt hlutverk í leikjum okkar. Við vorum mikið á bryggjunni þar sem við veiddum okkur til skemmtunar. Þegar við urðum eldri fengum við svo vinnu í frystihúsinu eða við að stokka upp og beita."

Eftir að Hallgerður lauk grunnskólanámi á Suðureyri fannst henni kominn tími til að reyna flugfjaðrirnar. "Mér fannst að ég þyrfti að skoða heiminn og valdi Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, til þess," segir Hallgerður. "Þar var ég í nokkur ár en lauk svo stúdentsprófinu frá Menntaskólanum við Hamrahlíð." Hallgerður tók sér svo frí frá námi í nokkuð mörg ár en lauk B.s námi í viðskiptafræði samhliða vinnu.



"Ég finn ekki fyrir því að það sé komið fram við mig á annan hátt vegna þess að ég sé kona. Karlarnir eru að venjast okkur konunum og samþykkja okkur sem jafningja í starfi."

Hallgerður er mikil útivistar- og ævintýrakona. Drjúgur hluti frítamans fer í útivist og önnur ævintýrir. Hér má sjá Hallgerði undirbúa sig fyrir að fara á foss í aprílslu.

Stefndi ekki meðvitað í sjávarútvegsgeirann

Hallgerður hefur starfað við sjávarútvegsgeirann í 15 ár. Hún segist ekki hafa stefnt þangað meðvitað. "Það má eiginlega segja að vinna tengd sjávarútvegi hafi átt fyrir mér að liggja. Árið 2003 fékk ég vinnu hjá Samskipum, í þjónustu- og útlutningsdeildinni, og það má eiginlega segja að þá hafi áhuginn á því að starfa innan atvinnugreinarinnar vaknað." Frá Samskipum lá leið Hallgerðar í Toppfisk. "Toppfiskur er sölufyrirtæki í sjávarútvegi sem selur ferskan eða frosinn fisk. Þar vann ég við bókhald, innkaup og var í samskiptum við viðskiptavinum erlendis. Þar var ég meira í tæri við fiskinn en í því starfi sem ég gegni í dag." Hallgerður er sem fyrr segir sölustjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Wise. "Wise er hugbúnaðarhús sem hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg um árabíl og þjónustar fjölda fyrirtækja innanlands sem utan. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar með víðtæka þekkingu og reynslu af þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn. Lausnir Wise spanna alla virðisæðju sjávarútvegsins frá fiskeldi og veiðum til sölu og dreifingar. Meðal sérlausna Wise má nefna Útlutningskerfi Wise og WiseFish lausnir fyrir sjávarútveginn sem innihalda: Útgerð og kvóta, Vinnslu og sölu, Gæðastjórnun, Birgðir og vöruhús, Fiskeldi og Útlutningslausn." Wise hefur náð góðum árangri og rekur nú skrifstofur á þremur stöðum, í Reykjavík, á Akureyri og í Noregi. "Við erum með 20% hlutdeild erlendis. Kerfin okkar eru m.a. notuð í Færeyjum, Tasmaníu, Nýja Sjálandi og Maldavíeyjum svo eitthvað sé nefnt. Okkur hefur einnig tekist að ná góðri markaðshlutdeild hér á landi. Ég myndi segja að um 50 – 60% sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi noti kerfi frá okkur."

Annars konar menning í sjávarútvegsfyrirtækjum

Hallgerður segir mikið af líflegu og skemmtilegu fólki starfa við sjávarútveginn. "Mörg störf sem tengjast þessari atvinnugrein krefjast þess að það sé unnið hratt og mikið. Fólk sem velst til þessara starfa er því oftast mjög duglegt og þrífst illa í lognmollu. Það má því kannski segja að það sé annars konar menning í sjávarútvegsfyrirtækjum en í mörgum öðrum fyrirtækjum. Það er svo mikið í gangi í einu. Það þarf að koma fiskinum strax í verð og sjá til þess að hann komist á áfangastað á réttum tíma og svona mætti lengi telja. Í því starfi sem ég gegni núna gilda önnur lögmál," segir Hallgerður. "Að vinna við að selja tölvukerfi til sjávarútvegsfyrirtækja er ekki eitthvað sem maður þrusar út einn, tveir og þrír. Það er langhlaup enda þarf að vanda vel til verka þannig að búnaðurinn skili þeim upplýsingum sem ætlast er til af honum." Þegar Hallgerður er spurð út í það hvernig það hafi komið til að hún hóf að starfa hjá Wise er svarið afdráttarlaus: "Ég hafði þá þekkingu sem þá vantaði þ.e. að fyrirtæki í sjávarútvegi þurfi að hafa yfirsýn, rekjanleika og auðvelt aðgengi að gögnum. Að hafa heildstæðalausn og vinna í einu kerfi snýst um vinnuhagræði fyrst og fremst. Svo var auðvitað ekki verra að þekka greinina sem og muninn á þorski og ýsu sem ég gerði vissulega. Svo skemmir ekki fyrir að hafa alist upp í sjávarporpi".

Konur í lykilhutverkum

"Ég hef aldrei unnið á hefðbundnum kvennavinnustað," segir Hallgerður aðspurð um það hvernig það sé að vinna í sjávarútvegsgeiranum þar sem meirihluti starfsmanna eru karlar. "Ég hef því ekki samanburð en ég held að það sé farsælast fyrir fyrirtæki að

þau njóti starfskrafta beggja kynja. Ég get ekki sagt að ég hafi fundið einhvern mun eftir því hvort konur eða karlar eru í meirihluta á þeim vinnustöðum sem ég hef unnið á. Kannski stillir maður sig bara ósjálfrátt inn á þann kúltur sem er í gangi hverju sinni. Karlar gera það jafnt og konur."

Hallgerður verður hins vegar vör við það í starfi sínu að karlar eru í meirihluta hærra settir en konur innan sjávarútvegsfyrirtækjanna og það eru þeir sem taka ákvarðanirnar. "Það er mjög algengt að forstjórar, framkvæmdastjórar og fjármálastjórar í sjávarútvegsfyrirtækjunum séu karlar og það eru þeir sem taka ákvörðun um hvort kaupa eigi t.d. hugbúnað frá okkur. Konur eru hins vegar oft lykilmanneskjur þegar kemur að því að nota kerfin og uppfæra þau. Það er algengt að aðalbókarinn sé kona og að það sé kona í gæðaeftirlitinu í vinnslunni – þegar komið er í þessar stöður breytist kynjahlutfallið." Hún segir sína reynslu að konum sé yfirleitt vel tekið í sjávarútvegsgeiranum og að með tímanum muni fleiri konur komast að og tilfinninguna þá að konur innan geirans í sókn. "Ég finn ekki fyrir því að það sé komið fram við mig á annan hátt vegna þess að ég sé kona. Karlarnir eru að venjast okkur konunum og samþykka okkur sem jafningja í starfi. Ég held að samtökin Konur í sjávarútvegi hafi mikið með þetta að gera. Konur eru áráðnar en þær voru því við bökkum hverja aðra upp, höldum utan um hverja aðra til að komast betur inn í samfélagið innan sjávarútvegsgeirans."



Starfsmannafélag Wise er mjög öflugt og býður upp á fjölbreytta og skemmtilega hópa, s.s. fjallgöngu-, hjóla- og badmintonhópa. Hallgerður segist reyna að taka þátt í þessu öllu saman og er nýkomin með hjólabakteríuna.

Í fullu fjöri eftir vinnu

Þegar Hallgerður er ekki í vinnunni sinnir hún áhugamálanum af kappi. "Starfsmannafélagið hjá okkur er mjög öflugt og býður upp á fjölbreytta og skemmtilega hópa. Við erum til að mynda með fjallgöngu-, hjóla- og badmintonhópa. Ég reyni að taka þátt í þessu öllu saman og er nýkomin með hjólabakteríuna," segir Hallgerður ákøf og bætur við að auðvitað hafi hún líka gaman af því að hitta fjölskyldu og vini í frítímanum. Þegar hún ætlar hins vegar virkilega að slappa af tekur hún sér bók í hönd. "Ég les mjög mikið og er veik fyrir norrænum krimmum."

